

XXIII. SVIGAR OG HORNKLOFAR

121

Sviga má setja utan um innskot sem sett eru til skýringar. Hornklofi er settur utan um það sem skotið er inn í orðréttu tilvitnun.

Árið eftir (1928) fluttist Guðrún suður.
Skip, sem flytja eldfim efni, skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B) á framsigli.
Þá reis deila milli hjarðmanna Abrams og hjarðmanna Lots. (Þá bjuggu í landinu Kanverjar og Peresítar.)

Hann sagði: „Ég óska kennaranum [þ.e. Halldóru] alls hins besta.“

122

Svigar eru jafnan settir utan um valfrjálsa stafi.

Veistu hvort mannsnafnið Auðun(n) var algengt fyrr á öldum?
Hve ánægð(ur) ertu með þjónustu fyrirtækisins?
Vertu velkomin(n)!

123

Hægri sviga má nota þegar liðir í upptalningu eru merktir með tölustöfum eða bókstöfum.

Á fundinum voru þessi mál rædd: 1) efnahagsmálin, 2) öryggismálin, 3) virkjunarmálin.
Þingmaðurinn hefur settið í þessum nefndum: a) menntamálanefnd, b) samgöngunefnd,
c) landbúnaðarnefnd og d) félagsmálanefnd.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.